

50 manna hópur leit- ar bangsa

„Ég verð með öruggt skotvopn í farangri mínum þegar lagt verður í leiðangur Útivistar um Hornstrandir á föstudaginn,” sagði Jón I. Bjarnason fararstjóri. „Við munum að sjálfsögðu leita bjarnýra, ef þau er þarna að finna og skotvopnið verður ekki notað nema í nauðvörn.”

Það verða um 50 Útivistarfélagar í þessari 9 daga sumarleyfisferð um Hornstrandir. Gengið verður um vikur og voga, yfir fjöll, heiðar og firnindi. Hefur ekki áður farið stærri hópur frá Útivist í Hornstrandaferð.

-AS.

Kratar vilja minnka bensínskatta

Alþýðuflokksmenn hafa lagt til, að ríkið taki ekki jafnhátt hlutfall og áður af bensínverðinu í skatta og gjöld, nú þegar verðið hækkar næst.

Ekki var vitað í morgun, hvernig viðtökur tillagan fengi, enda reyndust ráðherrarnir Svavar Gestsson og Hjörleifur Guttormsson báðir úti á landi, en þeir fjalla sem kunnugt er um viðskipta- og orkumálin. Mikil bensín-hækun er væntanleg, en ríkisstjórnin mun leitast við að halda olíuverði óbreyttu til húshitunar og fiskiskipa.

-HH.

EM í bridge: Íslendingar unnu Norðmenn

Íslendingar unnu Norðmenn í 5. umferð EM í bridge með 12-8 en töpuðu fyrir Pólverjum í gær með 3-17. Pólverjar eru nú í 2. sæti með 89 stig næstir á eftir Frökkum sem töpuðu nú loks leik, gegn Ísrael, 9-11. Ítalir eru nú komnir í 3. sæti með 82 stig, Írar eru í 4. sæti með 80 stig, Svíar í 5. sæti með 76 stig. Íslenska sveitin er nú í 8.-9. sæti með 64 stig en þáttökubjóðirnar eru 21. Í dag spila Íslendingar gegn Hollendingum og Þjóðverjum. -GAJ-

Haukur enn efstur

Þegar aðeins einni umferð er ölokið á World Open skákmótinu í Bandaríkjunum er Haukur Angantýsson enn í efsta sæti, hefur hlotið 7,5 vinninga að loknum 9 umferðum. Jafnir honum að vinningum eru þrjú stórmeistarar, Miles, Georghiu og Bisuquir. Haukur vann Bandaríkjmenninn Peltz í 8. umferð og gerði jafntefli við brezka stórmeistarann Miles í 9. umferð. Margeir Pétursson fylgir efstu mönnum fast eftir með 7 vinninga. Sævar Bjarnason hefur hlotið 5,5.

-GAJ-



TÖGGUR H F
SAAB
UMBODIÐ
SÍMI
81530

Þjóðviljinn heimtar af- sögn utanríkisráðherra

— breyti hann ekki ákvörðun um útivist varnarliðsmanna

„Þess verður að krefjast af utanríkisráðherranum að hann dragi heimildir þessar þegar til baka, en viki ella úr ríkisstjórninni fyrir manni sem reiðubúinn er að viðurkenna stjórnarsáttmálann í verki,” segir í leiðara Þjóðviljans í morgun. Þar er verið að mótmæla hinum nýju reglum utanríkisráðherra um útivist varnarliðsmanna.

Morgunblaðið tekur einnig afstöðu gegn ákvörðun utanríkisráðherra í leiðara í morgun. Telur blaðið hana ranga og segir að þau rök sem ráðherrann hafi borið fram séu ekki haldbær. Morgunblaðið segir að ákvörðunin geti aukið á vandann í samskiptum Íslendinga og varnarliðsins og valdið leiðindum, óþægindum og úlfúð.

-GM.



Útivist hermanna:

Ályktar utanríkismála- nefnd gegn Benedikt?

„Vissulega getur til þess komið,” sagði Einar Ágústsson, formaður utanríkismálanefndar, í viðtali við DB í morgun þegar hann var spurður hvort nefndin kynni að álykta gegn Benedikt Gröndal utanríkisráðherra í deilunni um útivistarleyfi hermanna. Margir nefndarmenn vilja fá fund í nefndinni til að taka ákvörðun Benedikts fyrir.

nefndarmenn vildu koma saman og taka málið fyrir. „Mín afstaða er ljós,” sagði Einar. „Ég er mótfallinn þessari ákvörðun, en ég get ekki gagnrýnt utanríkisráðherra fyrir að bera hana ekki undir nefndina. Þegar ég var utanríkisráðherra neitaði ég beiðnum um aukin útivistarleyfi án þess að bera undir utanríkismála- nefnd.”

Einar kvaðst hafa tjáð Benedikt að

-HH.



Borgarfulltrúarnir Sjöfn Sigurbjörnsdóttir (t.h.) og Guðrún Helgadóttir hafa oft eldað grátt silfur um Kjarvalsstaði. Myndlistarmenn hafa ekki heldur verið á eitt sáttir um húsíð. Allir voru þó í góðu skapi í gær þegar sumardagskráin var kynnt.

DB-mynd: Bjarnleifur.

Sumar á Kjarvalsstöðum:

35 LISTAMENN SÝNA VERK SÍN

Sumar á Kjarvalsstöðum nefnist sýning sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum um næstu helgi. Þrjú hópar listafólks sýna verk sín og er það nýbreytni hér á landi að svo margir hópar sýni í

einu. Það er Septem-hópurinn, Gallerí Langbrók og Myndhöggvarafélagið sem sýna og verður sýningin opnuð í tvennu lagi. Septem '79 og Gallerí

Langbrók laugardaginn 7. júlí kl. 14 og Myndhöggvarafélagið, gjörningur laugardaginn 21. júlí kl. 14.

Ennfremur verða sýnd verk eftir Jóhannes S. Kjarval sem eru í eigu

Reykjavíkurborgar. Sýningin er ætluð til að kynna íslenska list fyrir ferðamönnum og til ánægju og fróðleiks fyrir bæjarbúa, og verður hún opin fram yfir miðjan ágúst.

-ELA

STAÐAN HNÍFJÖFN

— ágreiningur vegna leggins milli Hafnar og Neskaupstaðar

Keppni þeirra Signýjar 08 og Ingu 06 er hnífjöfn. Á síðasta viðkomu- staði í morgun, Raufarhöfn, voru bátarnir jafnir, með 34 stig, en Inga lagði fyrr af stað til Akureyrar. Á leiðinni til Vestmannaeyja fékk Inga 10 stig, Signý 7 og Lára 5. Til Hafnar fékk Inga 7 stig og Signý 10. Til Neskaupstaðar fékk Inga 7 og Signý 10 og til Raufarhafnar fékk Inga 10 en Signý 7.

Rétt er því að geta þess að ágreiningur er um legginn frá Höfn til Neskaupstaðar. Keppendur á Ingu segja að þeir á Signýju hafi beðið þá að biða eftir sér í hálf tíma vegna bilana. Síðan munaði aðeins 5 mínútum á bátunum, er þeir komu til Neskaupstaðar, en Signý var á undan. Kepp-

endur á Signýju segjast oft. á leiðinni hafa beðið eftir Ingu.

Dómnefnd mun skera úr þessu ágreiningsatriði þegar komið verður til Akureyrar og kann sá úrskurður að breyta stöðunni eitthvað.

-JH

Í höfn á Norðfirði. Þar voru keppendurnir ekki á eitt sáttir með frammistöðu hvor annars á leiðinni frá Höfn. Það setti hörku í málið og einvigið var hafið. Ólafur Skagvík og Bjarni Sveinsson um borð í Ingu, Ásgeir Ásgeirsson fylgist með.

DB-mynd Ragnar Th.

